



Framkvæmdaráðsfundur

Landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma á Íslandi

Haldinn á Flughóteli í Reykjanesbæ
6. maí 2011, kl. 19:40 –21:50 og 8. maí kl. 13-14

Setning:

Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsforseti setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum. Þá las Sóley Halla Þórhallsdóttir fyrsti varaforseti markmið samtakanna.

Fundargerð og nafnakall:

Steinunn Guðmundsdóttir stiklaði á stóru úr síðustu fundargerð frá framkvæmdaráðsfundi sem haldinn var í Hafnarfirði þann 4. september 2010. Fundarkonur kynntu sig og gert var grein fyrir þeim konum sem ekki gátu mætt á framkvæmdaráðsfundinn.

Mættar:

Ingibjörg Jónasdóttir forseti landssambands DKG, Sóley Halla Þórhallsdóttir fyrsti varaforseti, Steinunn Guðmundsdóttir annar varaforseti, Ingibjörg Auðunsdóttir ritari, Steinunn Ármannsdóttir meðstjórnandi og staðgengill formanns Alfadeildar, Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri og formaður Þetadeildar, Soffía Vagnsdóttir formaður Jótadeildar, Eygló Björnsdóttir vefstjóri og staðgengill formanns Betadeildar, Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður Kappadeildar, Kristín Jónsdóttir formaður Gammadeildar

Gestir:

Ingibjörg Einarsdóttir formaður féлага- og útbreiðslunefndar, Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir formaður uppstillingarnefndar, Sigríður Johnsen formaður menntamálanefndar, Jónína Eiríksdóttir formaður útgáfu og kynningarnefndar, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir í Leadership Committee og fyrrverandi forseti, Hertha W. Jónsdóttir í Membership Committee og fyrrverandi forseti, Sigrún Klara Hannesdóttir í Editorial Board og fyrrverandi forseti.

Aðrir fyrrverandi forsetar: Ragnheiður Stefánsdóttir Betadeild, Sigríður Valgeirsdóttir Alfadeild, Pálína Jónsdóttir Gammadeild og Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild.

Gestur Alþjóðasambandsins var Dr. Carolyn Rants – Immediate Past President 2008- 2010 Iowa, USA
Aðrir erlendis gestir: Kate York – Europe Regional Director 2010 – 2012 frá Bretlandi, Mary Wardrop frá Bretlandi og Trijny Schmitz du Moulin frá Hollandi.

Framkvæmdaáætlun starfstímabilið 2009 – 2011:

Ingibjörg Jónasdóttir fór yfir framkvæmdaáætlun 2009 – 2011, sjá [fylgiskjal](#)

„Góðir hlutir gerast“ í fræðslumálum:

Ánægja er með þingin sem haldin hafa verið, en það vantar enn meiri umfjöllun félagskvenna um það sem gott er að gerast í kringum okkur. Lagt var til að tímasetning landssambandsþings yrði endurskoðuð, t.d. að þingið yrði fært fram. Margar tóku til máls og sýndist sitt hverjum. Samþykkt að skoða dagsetningu enn á ný og fá umræðu í deildum. Á seinni hluta fundarins á sunnudag kom fram tillaga um ða þing yrðu á sama tíma á hverju ári, t.d. í fyrstu viku í maí, en því vísað til nýrrar stjórnar.

Félaga- og útbreiðslumál:

Rætt um stærð deilda og fram kom að deildir sem eru 35 til 40 eru orðnar nokkuð stórar, sérstaklega ef konur mæta vel. Víða í USA eru deildir með um 40 til 50 félaga, en það þótti ekki æskilegt hér hjá okkur, en í valdi hveurrar deildar. Eitthvað er um að konur séu ekki virkar og greiði minna félagsgjald. Athuga ber að í lögum samtakanna eru reglurnar nokkuð strangar, læknisvottorð þarf að liggja fyrir til að konur geti fengið leyfi til þess. Ekki er rétt að deildir borgi fyrir konur sem ekki greiða félagsgjöld, þær verða að segja sig úr félagsskapnum ef gjöldin eru ekki greidd í lok október. Ef konur eru ekki virkar þá þarf að athuga hvers vegna það er. Margar deildir hafa tekið það fyrir á fundum og skoðað hvað þær vilja fá út úr félagsskapnum. Hvers vegna viljum við vera í DKG? Spurt var hvort hægt væri að bjóða konum sem komnar eru á eftirlaun í samtökin. Nú er það hægt ef þær hafa gegnt starfi sem tekur til fræðslumála. Þetta er lagabreyting frá síðasta alþjóðþingi. Rætt var um að breidd innan hópsins væri æskileg, bæði atvinnulega séð og aldurslega.

Útgáfu- og upplýsingamál:

1. Þessi mál eru alltaf í vinnslu. Við ræðum oft um að engin viti um samtökin, en við notum ekki þá miðla sem við höfum til að vekja athygli á okkur. Einnig þurfum við að vera duglegri að klappa á bakið á konum sem eru að vinna mikilvæg verkefni. Við getum notað vefsíðuna til þess.

Spurt var hvort samtökin ættu að vera með embætti í landssambandsstjórn sem yrði fjölmiðlatengill. Því var vísað til næstu stjórnar. Lagt er til í nýrri reglugerð að útgáfu- og fréttanefndinni verði breytt í samskipta- og upplýsinganefnd, það verði fjölgað í henni og hún fái aukin verkefni. Þar er hugsanlega einstaklingur sem getur unnið með stjórn að þessu verkefni.

2. Eitt fréttabréf var gefið út á prenti og annað sett á vefinn hvort árið – fleiri fundargestir lásu prentaða fréttabréfið en fréttabréfið á vefnum. Fram kom mikil ánægja með bréfið til formanna sem Ingibjörg Jónasdóttir hefur sent út einu sinni í mánuði með fréttum frá landssambandsstjórn. Rætt um hvort senda ætti það til allra félagskvenna eða bara til formanna deilda og stjórnarkvenna landssambandsins. Þessi bréf eru á vefnum og í hendi formanna deilda hvort hún áframsendir eða notar upplýsingarnar á þann hátt sem hún kys. Aðalatriðið er að upplýsingunum sé miðlað. Fram kom að við þurfum líka að fá fréttir af deildum, þ.e. við þurfum að auka upplýsingaflæðið. Ingibjörg Jónasdóttir sýndi eyðublað sem sýnir yfirlit yfir tvö ár formanna, þar sem helstu eindagar eru merktir inn. [Sjá fylgiskjal](#).

Innlend samskipti:

1. Spurt um vinadeildir – rætt um að allar deildir séu vinir, en hægt að hugsa sér vinadeildir utan landsteinanna. Rætt um mikilvægi þess að deildir heimsæki hverjar aðra yfir vetrarmánuðina. Hér er mikilvægt að deildir setji inn strax á haustin tímasetningu og efni funda vetrarins.
2. Að búa til *lista yfir konur sem eru tilbúnar með ákveðið efni til kynningar* tókst ekki á þessu tímabili, en hvatt var til þess að hann verði búinn til. Þetta getur verið gott tæki til að kynna konur innan samtakanna og að koma konum og málefnum á framfæri.
3. Hægt er að segja frá því í fjölmiðlum þegar ný deild er stofnuð og senda myndir af því. Hægt að senda fréttir um landsambandsþing í staðarblöð. Ef til vill er auðveldara að koma slíku efni á veffréttamiðla.

Erlend samskipti:

Töluverð samskipti hafa verið á tímabilinu þar sem margar konur hafa verið í erlendum nefndum, konur hafa fjölmennt á erlend þing og erlendir gestir hingað hafa verið þó nokkrir.

Viðurkenningar til samfélagsins:

Gætum gert meira. Rætt um að deildir hefðu frjálssar hendur um það hvernig þær framkvæmdu viðurkenninguna. Þyrftum að taka þessar viðurkenningar og segja frá þeim og setja á vefinn.

Endurskoðun laga DKG:

Lögin voru endurskoðuð og lögfróðar konur sögðu að ekki þyrfti að leggja þau til samþykktar þar sem að þau hafi einungis verið yfirafarin eftir breytingarnar í Spokane og þar hefðu þau verið samþykkt. Reglugerðin var lögð fram til kynningar og eru þó nokkrar breytingar þar. Um er að ræða aðlögun að reglugerð alþjóðasamtakanna og einnig að okkar þörfum. Rætt var um að hún verði samþykkt, unnið verði eftir henni næstu tvö ár og hún rædd í deildum. Þá fæst umræða um lög og reglugerðir inn í deildunum og félagskonur verða meðvitaðri um samtökin. Reglugerðin verður endurskoðuð með félagskonum, nefndum og framkvæmdaráði og verður lögð fyrir þingið árið 2013. Þá verður aftur komin tími til að endurskoða lögin og rúttínan hefst á ný.

Handbókin

Handbókin þarfnast einnig endurskoðunar og býður það nýrrar stjórnar. Handbók alþjóðasamtakanna er í endurskoðun og verður lögð fram næsta sumar og er ráðlegt að bíða þeirrar vinnu.

Hvar stöndum við?

Við yfirferð framkvæmdaáætlunar var farið yfir stöðu mála og voru konur sammála um að flest mál höfðu náð fram og voru ánægðar með það, en þó eru nokkur atriði sem standa eftir.

Hvernig hefur starfið gengið í vetur?

Eftir stutt hlé tók Ingibjörg Einarsdóttir, formaður félaga- og útbreiðslunefndar við og beindi orðum sínum til formanna deilda. Nauðsynlegt er fyrir nýja formenn að horfa yfir starf vetrarins og rifja upp ýmis atriði varðandi stjórnun deilda. Ingibjörg hafði útbúið gátlista og bað fundarkonur um að fara yfir gátlistann í hópum og ræða venjur og hefðir í deildum. [Sjá fylgiskjal.](#)

Mjög góðar umræður sköpuðust og kom berlega í ljós að aldrei er of oft rætt um þessa hluti. Mæting og virkni eru sífellt í brennidepli og er nauðsynlegt að fara í naflaskoðun um hvernig á að vinna að þessum málum. Mjög gott og fróðlegt var að hafa fyrrverandi forseta og nefndarkonur á fundinum, því þá gafst tækifæri á að fá meira vægi á gildi samtakanna fyrir og nú.

Ingibjörg Einarsdóttir sagði frá stofnun tveggja nýrra deilda. Hún ræddi mikilvægi þess að styðja vel við bakið á nýjum deildum og að Herta W. Jónsdóttir hefði stutt Kappadeildina fyrsta starfsár deildarinnar, Sigrún Jóhannesdóttir leiddi Lambdadeildina og Ingibjörg Auðunsdóttir ætlar að vera Mýdeildinni til aðstoðar fyrsta árið.

Annað:

Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá tillögu landssambandsstjórnar um að hækka árgjaldið um kr. 500. Pálína Jónsdóttir sagði eitt af markmiðum DKG væri að við ættum að lesa yfir lagasetningar og senda frá okkur umsögn um þær. Áður fyrr var leitað til samtakanna og samtökin sendu umsagnir. Hún hvatti deildir til að vera vakandi fyrir þessu verkefni DKG félaga. Sigríður Valgeirsdóttir sagði frá því að á árum áður var nefnd sem sá um að ná í frumvörp um menntamál og þessi frumvörp tóku þær fyrir í smá hópum og sendu ályktanir til viðeigandi aðila. Sigríður Jónsdóttir gat þess að þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarstjórnar – sendi Gammadeildin frá sér umsögn. Soffía Vagnsdóttir sagði frá Vegvísi í listfræðslu og lotadeild ætlar að fjalla um skapandi starf í skólum en listir og hönnun er ný atvinnubylting á Íslandi.

Ingibjörg Jónasdóttir sleit fundi kl. 21:53, þakkaði konum fyrir góðan fund og slökkti á kerti vináttunnar, trúseminnar og hjálpseminnar og bað konur um að njóta kvöldsins.

Ritari Ingibjörg Auðunsdóttir

Seinni hluti fundarins

Mættar í viðbót: Guðný Helgadóttir lögsögumaður, Marta Guðjónsdóttir formaður Alfadeildar, Þorgerður Sigurðardóttir formaður Betadeildar, Bolette Hoeg formaður Epsilondeildar, Gestir: Sigríður Ragnarsdóttir í Educational Excellence Committee, Áslaug Brynjólfssdóttir fyrrverandi forseti, Sigríður Jónsdóttir fyrrverandi forseti, Björg Björnsdóttir og Elín Hannibalsdóttir frá Epsilon deild og Valgerður Guðmundsdóttir Kappadeild, Auður Torfadóttir formaður Etadeildar, Inga María Ingvarsdóttir Þetadeild, Steinunn Aðalsteinsdóttir Zetadeild, Sigríður Ragna Ragnarsdóttir nýkjörinn forseti.

Umræður héldu áfram, aðallega um mætingar og fundartíma þinga. Mætingar virðast vera áhyggjuefni margra deilda, en hugmynd kom um að reyna að slappa af og njóta samveru við þær sem gefa sér tíma. Einnig er mikilvægt að umfjöllun og rammi fundanna sé ághugaverður og hvetji konur til mætinga. Almenn ánægja var með að fá tækifæri til að setjast niður og spjalla um þessi málefni í lok fyrsta árs formanna deilda og nýta þannig ferð kvenna á þingið.

Guðbjörg gjaldkeri lagði áherslu á að það gengur illa að innheimta félagsgjaldið. Deildir standa ekki við skiladaga, í því sambandi ræddi hún um að setja upp dagatal með skiladögum og vill hún leggja áherslu á rætt verði við þær konur sem ekki greiða félagsgjöldin, vilji þær hætta, taka smá hvíld vegna anna eða vera styrktaraðilar. Það eru mjög stífar relgur þar um. Þá var rætt um hvort samtökin gætu styrkt konur til að mæta á þingin en ekki var komist að niðurstöðu.

Rætt um hlutverk formanna og ritara.

Lestur fundargerða er lykilatriði til að skapa ramma um deildina sem og nafnakallið. Eitt af hlutverkum stjórnar er að hvetja konur til að taka þátt í nefndarstörfum innan samtakanna. Benda á að með því eru þær að sýna áhuga sinn og að þær vilji leggja sitt að mörkum. Ábending kom um að halda netfundi með gjaldkerum annars vegar og riturum hins vegar.

Vefnum þarf að sinna betur, vefstjórnar hvattir til að vera í sambandi við Eyglóu til skrafs og ráðagerða varðandi innsetningu á efni og vinnu. Mikilvægt að uppfæra félagatalið, passa að netföng og símanúmer séu rétt. Í framhaldi af þessari umræðu var varpað upp hugmyndum um hvað ætti að vera á vefnum. Það sem deildirnar þurfa að hafa á vefnum er:

Félagatal, stjórnir, fundartími, þema, dagsetningar funda/viðburða, upplýsingar fyrir stjórnir og nota atburða dagatalið. Rætt var um að það þyrfti að vera fast form á uppsetningu til að auðvelda vinnuna.

Á vef landssambandsins verða settar skýrslur og nefndaskil.

Erlent samstarf.

Rætt um mætingar á þingin og val á fyrirlesurum, mikilvægt að passa upp á að efni þinganna sé skipulagt með öll skólastigin í huga, ennfremur var bent á að heiti fyrirlestra geti dregið úr eða hvatt til þingsetu. Hluti af því að vera virkur í DKG er að mæta á þingin. Deildirnar skipa lykilhlutverk í að félagarnir séu virkir og sæki þing og fundi á vegum landssamtakanna. Forseti DKG sendir til formanna deilda upplýsingar um hvað er á döfinni og er það stjórnanna að koma því áfram út í deildirnar. Evrópu- og alþjóðþing eru skipulögð langt fram í tímann því ætti að vera hægt að skipuleggja ferðir á þau.

Það er tekið eftir atorku íslensku kvennanna í alþjóðasamtökunum, við erum með fimm konur núna í nefndum og er markmiðið að koma tveimur að næst. Rætt um Evrópuþingið og skipulagið fram að því.

Framkvæmdaráð lagði til að konur sæki um að vera í nefndum og var almenn ánægja með það.

Fráfarandi stjórn eða formaður mæti á fyrstu fundi nýrrar nefndar og forseti sitji nefndir.

Sigríður Ragna Ragnarsdóttir tók til máls og þakkaði traustið og sagðist vonast til að standast vætingarnar og jafnframt að hún hlakkaði til að starfa með stjórninni og ekki síður þótti henni mikið traust að hafa Ingibjörgu Jónasdóttur sér til halds og trausts.

Ingibjörg Jónasdóttir bauð Sigríði Rögnu velkomna til starfa. Þá þakkaði hún DKG konum fyrir góðan stuðning og hvatningu í störfum hennar fyrir samtökin. Ingibjörg þakkaði fundar- og þinggestum fyrir samveruna yfir þessa helgi og sleit hún síðan fundi.

Ritari Steinunn Guðmundsdóttir